

77. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 27. mars 2012 kl. 16:30 í nýju húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Digranesvegi 7.

Dagskrá:

1. Nýtt húsnæði og starfsemi kynnt.
2. Formleg opnun.
3. Verkefni framundan.
4. Fjármál.
5. Önnur mál.

Mættir Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Stjórn sýnd ný aðstaða skjalasafnsins og gerður góður rómur að bættum aðbúnaði safnsins. Héraðsskjalavörður kynnti starfsemi safnsins og þau lög og reglugerð sem gilda um það.
2. Ákveðið að stefna að formlegri opnun safnsins í tengslum við Kópavogsdaga laugardaginn 12. maí 2012. Formaður og héraðsskjalavörður móta dagskrá.
3. Verkefni framundan.
 - a. Afmælisnefnd ÍSÍ kom að máli við stjórn Félags héraðsskjalavarða um átaksverkefni við söfnun skjala íþróttahreyfinganna. Svipuð verkefni hafa áður verið unnin með Kvenfélagasambandi Íslands og um skjöl sóknarnefnda.
 - b. Skjalavistunaráætlanir. Verkefnið er hafið með grunnskólum Kópavogs.
 - c. Örnefnarit Guðlaugs R. Guðmundssonar. Unnið er að útgáfu þess.
 - d. Ársrit héraðsskjalasafnsins. Vinna er komin af stað með næsta bindi þess.
 - e. 350 ára afmæli Kópavogsfundarins. Greint frá áætlunum um viðburði í tengslum við það, í samstarfi við Sögufélag Kópavogs og Bókasafn Kópavogs.
4. Gerð grein fyrir fjárhagsstöðu safnsins. Stjórnarformaður og héraðsskjalavörður fara yfir fjárhagsáætlun.
5. Önnur mál.
 - a. Héraðsskjalavörður Kópavogs og héraðsskjalavörður Árnesinga fóru 26. mars fyrir menntamálaráðherra vegna frumvarps til laga um opinber skjalasöfn.
 - b. Héraðsskjalavörður hefur farið fyrir þingnefnd vegna frumvarps til nýrra upplýsingalaga og frumvarps til laga um menningarminjar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.